

Ed. **69. Frumvarp til laga** [63. mál]
um breyting á lögum nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Stjórn innkaupastofnunar ríkisins skipa fimm menn, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar, tekur lokaákvæðanir um öll innkaup og framkvæmdir og ákveður starfshætti. Fjármálaráðherra skipar formann stjórnar til eins kjörtímabils í senn.

Forstöðumaður stofnunarinnar skal skipaður af fjármálaráðherra að fenginni tillögu stjórnar.

Að öðru leyti skal starfssvið stofnunarinnar ákveðið með reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða frumvarpi, sem flutningsmaður lagði fram á síðasta þingi, en var þá ekki afgreitt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að starfsemi innkaupastofnunar ríkisins hefur sætt nokkurri opinberri gagnrýni á liðnum árum. Skoðanir hafa verið skiptar um sum þeirra atriða, sem gagnrýnd hafa verið, en um önnur hefur ekki þurft að deila. Í sjötta kafla laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63 frá 1970, eru umsvif innkaupastofnunarinnar aukin verulega frá því sem eldri lög kváðu á um. Þar er henni fengið vald til að taka ákvarðanir um veigamiklar framkvæmdir, sem snerta verulega hagsmuni almennings og afkomu þjóðarbúsins í heild. Veltur því á miklu að starfsemi stofnunarinnar og ákvarðanir, er hún tekur, séu í fullu samræmi við vilja þings og þjóðar. Láta mun nærri að velta stofnunarinnar á síðasta ári hafi numið 2.7 milljörðum króna og eru þá ekki taldir með verksamningar, sem stofnunin hefur annast og ber ábyrgð á, en þar er um mjög verulegar fjárhæðir að ræða.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að Alþingi kjósi sjálft stjórn stofnunarinnar og tryggi með því að stefnu þess sé fylgt í öllum meiri háttar málum, er stofnunin á ákvörðunarvald í, og að þess sé jafnan gætt að starfseminni sé gert að fylgja viðteknum viðskiptavenjum.